



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/2002
komudagur 24. 4. 2002

Reykjavík, 22.04.2002
Tilv. 90.13
JS/sv


Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um fullvinnslu uppsjávar- og botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 127. löggjafarþing 2001 - 2002. Þskj. 906 - 579. mál.

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 15. apríl 2002 varðandi ofangreint málefni.

Fram kemur í greinargerð og fylgiskjali með frumvarpinu að nýting í þorskafurðum er aðeins 44% af afla upp úr sjó. Þetta eru einkum flök en nánast öllum hausum og beinagörðum er hent auk slógs. Sama gildir um ýsu og ufsa. Gullkarfi er flakaður eða hausskorinn en úthafskarfa- og grálúðuafla nánast allur hausskorinn þar sem aðeins eru hirtir grálúðuhausar. Síld er einnig að mestu flökuð og úrgangi hent.

Hafrannsóknastofnunin telur að stefna skuli að því að hirða og frysta um borð sem hæst hlutfall af aukaafurðum sem til falla við flökun botnfiska, t.d. þorskhausu og gellur auk beinagarða enda er þar um að ræða verðmætar afurðir til fullvinnslu í landi. Stofnunin telur að erfiðara sé að skapa verðmæti úr hausum ýmissa annarra botnfiska svo sem karfa. Hafrannsóknastofnunin álitur einnig að síldarúrgangur og slóg almennt, utan afmarkaðrar hrognafrystingu, gæti allt eins nýst jafvel fyrir fæðukeðju hafsins sem úrkast en að öðrum kosti sem verðlitar afurðir. Hér yrði þó hvorki um að ræða stóran bita í vistfræðilegu tilliti né í útflutningi landsmanna.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
552-0240
Póstfax:
562-3790

Heimasíða:
<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:
librarian@hafro.is